



ÁRSSKÝRSLA KSÍ 2016 SKÝRSLA STJÓRNAR



BORGUN

Lengjan



ICELANDAIR



N1

LENGI Í MINNUM HÖFÐ

Þátttaka Íslands á EM 2016 verður lengi í minnum höfð. Árangur landsliðsins var umfram væntingar og vakti athygli um heim allan. Íslensku stuðningsmennirnir sem fjölmenntu til Frakklands gerðu sitt til að gera keppnina ógleymanlega og víkingaklappið vakti enn frekar athygli á íslenska liðinu. Á Íslandi snerist mest allt um fótbolta og gleðin yfir árangri liðsins var ósvikin hjá þjóðinni. Sigur gegn Englandi í fyrsta opinbera keppnisleik þjóðanna í knattspyrnu var stór áfangi og gladdi marga. Móttökurnar þegar heim var komið voru stórkostlegar, fólk fjölmennti og hyllti strákana frá flugvelli til Arnarhóls. Liðið hafði sannað sig í hópi þeirra bestu, gefið mörgum öðrum þjóðum von um þátttöku í framtíðinni og leikið heiðarlega af kappi til sigurs. Allir sem lögðu sitt af mörkum eiga þakkar skildar og stuðning þjóðarinnar ber að þakka.



En baráttan um sæti í úrslitakeppni HM er hafin og strákarnir hafa farið vel af stað í sínum riðli. Það er þó mikið eftir og leikirnir sex á árinu 2017 skipta allir máli.

Aðeins sigur í riðlinum gefur öruggt sæti í úrslitakeppninni en möguleiki er á sæti í umspili í nóvember ef lið okkar hafnar í 2. sæti í sínum riðli. Úrslitakeppnin fer fram í Rússlandi sumarið 2018. Síðan verða verulegar breytingar á keppnisfyrirkomulagi í Evrópu hjá A landsliðum karla og haustið 2018 hefst keppni í Þjóðadeildinni (UEFA Nations League). Leikið verður í fjórum deildum og eins og staðan er í dag mun Ísland leika í B deild en góður árangur í leikjunum sex sem eftir eru í undankeppni HM getur hugsanlega lyft liðinu í A deildina. Í A deildinni munu 12 bestu landslið Evrópu taka þátt, í B deildinni 12 landslið flokkuð þar fyrir neðan, síðan í C deildinni næstu 15 landslið og í D deildinni 16 neðstu landsliðin skv. styrkleikalista UEFA. Hverri deild verður skipt í 4 riðla. Síðan halda breytingarnar áfram og undankeppni EM 2020 verður leikin að öllu leyti 2019, 2 leikir í mars, 2 í júní, 2 í september, 2 í október og 2 í nóvember. Leikjum getur þó fækkað í 8 ef Ísland leikur í 5 liða riðli en það verða fimm slíkir og aðrir fimm riðlar með 6 liðum hver í undankeppninni. Tvö efstu liðin í hverjum riðli komast í úrslitakeppnina ásamt fjórum liðum sem koma úr Þjóðadeildinni. Leikið verður í 13 borgum víðs vegar um Evrópu í tilefni af því að þá verða 60 ára liðin frá fyrstu úrslitakeppni EM landsliða.

Þær breytingar sem að ofan eru raktar hafa kallað á skoðun á vallarmálum landsliða Íslands. Fyrst er að telja að Laugardalsvöllur er í hópi þeirra leikvangar í Evrópu sem reka lestina þegar litið er á leikvelli sem notaðir eru fyrir landsleiki í álfunni. Gríðarlegar framfarir hafa orðið í Evrópu á síðasta áratug. Í annan stað er veðurfar á Íslandi þannig að heimaleikir í mars og nóvember eru alls ekki ákjósanlegur kostur við núverandi aðstæður. Nýr eða endurbýggður leikvangur fyrir landslið Íslands er nauðsynlegur til að skapa skilyrði fyrir árangur í alþjóðlegri keppni og til vaxtar fyrir KSÍ. Án framfara á þessu sviði getur íslensk knattspyrna dregist aftur úr í harðri samkeppni.

Í þriðja sinn í röð heldur A landslið kvenna í úrslitakeppni EM sem að þessu sinni fer fram í Hollandi næsta sumar. Í fyrsta sinn verða liðin í úrslitakeppninni 16 talsins og er það merkur áfangi fyrir knattspyrnu kvenna í Evrópu sem endurspeglar vöxt íþróttarinnar. Stelpunar tryggðu sér sæti með sigri í sínum riðli, unnu sjö leiki en töpuðu aðeins einum. Ljóst er, að fjöldi stuðningsmanna mun fylgja liðinu til Hollands þar sem liðið mun leika í riðli með landsliðum Frakklands, Sviss og Austurríkis. Í apríl verður síðan dregið í riðla í undankeppni HM kvenna en leikirnir hefjast í september 2017. Leikið verður í 7 fimm liða riðlum í undankeppninni, sigurvegarar riðlanna komast í úrslit en þau fjögur lið í 2. sæti í riðlunum og bestum árangri ná leika um eitt sæti, áttunda sæti Evrópu. Úrslitakeppnin HM verður haldin í Frakklandi 2019.

Það leit lengi vel út fyrir að Íslandi tækist að vinna sér sæti í úrslitakeppni EM U21 2017, en á síðustu stundu misstu strákarnir tókin í lokaleik riðilsins sl. haust og biðu ósigur á heimavelli eftir að hafa verið 1-0 yfir í hálfleik gegn Úkraínu. Liðið fluttist við það úr fyrsta sæti í það þriðja. Ótrúlega svekkjandi niðurstaða eftir frábæran árangur í undankeppninni. Dregið hefur verið í riðla í undankeppni EM 2019 en úrslitakeppnin fer fram á Ítalíu. Lið Íslands mun mæta landsliðum Spánnar, Slóvakíu, Albaníu, Eistlands og N-Írlands. Sigurvegari riðilsins kemst í úrslitakeppnina og liðið í 2. sæti á möguleika á umspilssæti. Önnur yngri landslið tók þátt í hefðbundnum verkefnum á Norðurlöndum og í Evrópumótum.

U17 landslið karla lék í milliriðli sl. vetur og náði ágætum úrslitum en komst ekki áfram. Nýtt U17 landslið karla varð í 2. sæti Norðurlandamótsins en tókst ekki að fylgja þeim árangri eftir í undankeppni EM. U17 landslið kvenna lék í milliriðli sl. vetur og vann einn leik. Nýtt U17 landslið kvenna komst svo upp úr sínum riðli sl. haust í undankeppni EM og það gerði U19 landslið kvenna einnig. Stjórn KSÍ ákvað sl. haust að efla enn samstarf þjálfara yngri landsliða Íslands og tóku ráðningar nýrra þjálfara mið af þeirri ákvörðun en þeir verða flestir í fullu starfi við þjálfun og fræðslu á vegum KSÍ.

KSÍ skipulagið á sl. starfsári 5.361 leik í hinum ýmsu knattspyrnumótum og tóku 899 lið þátt í þeim. Þátttaka Íslands í úrslitakeppni EM í Frakklandi setti svip sinn á mótahaldið og var að mestu leyti gert hlé á því á meðan riðlakeppnin fór fram. Mótin eru kjarninn í starfsemi KSÍ á hverju ári og miklu skiptir að skipulag þeirra sé eins og best verður á kosið í samstarfi við aðildarfélagin sem framkvæma leikina. Fjölgun iðkenda sl. ár innan vébanda KSÍ ber vitni um gott starf þar sem reynt er að skapa verkefni við hæfi fyrir sem flesta. Það er krefjandi verkefni að manna dómgæslu í öllum þessum leikjum og um leið að huga að því hvernig gæði hennar verði aukin. Aukin menntun og fræðsla þjálfara hefur hjálpað til að auka gæði leikmanna og betri leikvæðing og mannvirki hafa hjálpað mikið þegar litið er til skemmtanagildis allra þessara kappleikja. FH varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla annað árið í röð og Stjarnan í meistaraflokki kvenna. Valur varð bikarmeistari í meistaraflokki karla annað árið í röð og Breiðablik í meistaraflokki kvenna. Samstarf um Pepsi-deildir karla og kvenna hélt áfram við Ölgerðina og í fyrsta sinn fékk 1. deild karla samstarfsaðila og nefndist Inkasso-deildin. Borgun hf. hélt einnig áfram samstarfi um Borgunarbikarinn. Nýir samningar við 365 miðla tryggðu fleiri beinar sjónvarpsútsendingar og meiri umfjöllun frá keppni í mótum á vegum KSÍ en nokkru sinni fyrr.

Hefðbundnu fræðslustarfi fyrir þjálfara, dómara, eftirlitsmenn og fleiri var sinnt af kappi, hæfileikamótun, knattspyrnskóli, markvarðarskóli, þjálfaraskóli, áttak fyrir efnilega unga dómara, grasrótaverkefni, allt var þetta á dagskrá í fjölþættri starfsemi KSÍ. Endurnýjun leikvalla og ný knattspyrnumannvirki af ýmsum tagi voru á borði margra aðildarfélaga og ljóst að tími framkvæmda er kominn eftir stöðnum í kjölfar fjármálahrunsins. Rekstur KSÍ endurspeglar þessa miklu starfsemi og þátttöku í úrslitakeppni EM.

Rekstrarhagnaður var af hefðbundinni starfsemi upp á rúmar 860 m.kr. Eftir ráðstöfun til aðildarfélaga og með tilliti til fjármagnsliða var niðurstaðan hagnaður upp á 317,2 m.kr. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélagunum fyrir gott knattspyrnustarf á viðburðarríku starfsári. Það er fyrir þeirra mikla starf og skipulag sem íslensk knattspyrna uppsker svo ríkulega sem raun ber vitni. Samstarf við forystumenn félaganna var mikið og gott og ber að þakka þeim þeirra mikilvægu störf. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. dómurum, eftirlitsmönnum, nefndarmönnum, sjálfboðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og að síðustu en ekki síst öllum þeim fjölda iðkenda sem leika knattspyrnu sér og öðrum til skemmtunar.

Knattspyrnukveðja,
Geir Þorsteinsson,
formaður KSÍ

Efnisyfirlit

Stöðutöflur og nánari upplýsingar
má finna á www.ksi.is

Pistill formanns	2	Evrópumót	15
A-landslíð karla	4	Dómaramál	17
A-landslíð kvenna	8	Árið sem leið	19
Yngri landslið	11	Fjármál	27
Mótin innanlands	13	Ársreikningur	30

A-LANDSLIÐ KARLA



EM FÁR Á ÍSLANDI

Það má með sanni segja að árið 2016 sé stærsta ár í sögu A landsliðs karla, í raun stærsta ár í íslenski knattspyrnusögu. Liðið tók í fyrsta sinn þátt í stórmóti og hófu Lars og Heimir árið snemma þegar kom að undirbúningi fyrir EM. Í janúar lék Ísland tvo leiki í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Í verkefnið voru aðallega valdir leikmenn sem léku á Norðurlöndunum. Fyrst var leikið við Finnland, þar sem 1-0 sigur var staðreynd, og seinni leikurinn var gegn heimamönnum. Hann tapaðist 2-1. Ísland fór einnig til Bandaríkjanna og lék þar við heimamenn. Eftir spennandi leik höfðu Bandaríkin sigur að lokum, 3-2.

Í mars lék Ísland við Danmörku og Grikkland ytra. Liðið mátti þola naumt 2-1 tap í Danmörku áður en það náði í góðan 3-2 sigur í Grikklandi. Síðustu tveir leikirnir fyrir brottför liðsins til Frakklands voru svo leiknir í byrjun júní. Liðið tapaði 3-2 fyrir Noregi ytra áður en 4-0 sigur vannst á Liechtenstein á Laugardalsvelli, þar sem landsmenn kvöddu liðið fyrir brottför þess til Annecy.

Mættir á stóra sviðið

Það vissu fáir við hverju ætti að búast þegar EM hófst. Það ríkti mikil bjartsýni á Íslandi, enda Íslendingar varla þekktir fyrir annað. En það óraði eflaust engan fyrir þeirri velgengni sem varð síðar raunin. Eftir góða æfingatörn í paradísinni, sem Annecy er, byrjaði Ísland á risaverkefni. Portúgal í St. Etienne. Fyrirfram var litið á þetta sem erfiðasta verkefni riðilsins. Strákarnir sýndu frá fyrstu mínútu að það ætti að selja sig dýrt.



Þrátt fyrir að Portúgalir hafi tekið forystuna í fyrri hálfleik gafst liðið ekki upp og Birkir Bjarnason jafnaði metin snemma í seinni hálfleik. Jafntefli staðreynd og ótrúleg byrjun á fyrsta stórmóti liðsins.

Sama var uppi á teningnum gegn Ungverjum í Marseille, en nú var því öfugt farið. Ísland komst yfir í fyrri hálfleik en Ungverjum tókst að jafna metin í þeim síðari. Því var um algjöran úrslitaleik að ræða gegn Austurríki í París. Á ótrúlegan hátt tókst Íslandi að skora sigurmarkið í uppbótartíma og annað sætið staðreynd. Ótrúlegt afrek. Öskubuskuævintýrið hélt áfram og hreint út sagt magnaður sigur vannst á Englendingum í 16 liða úrslitum. Gestgjafarnir, Frakkar, reyndust síðan of stór biti í 8 liða úrslitum.

Það er óhætt að segja að Ísland hafi vakið heimsathygli í sumar. Griðarlegur fjöldi Íslendinga sem fjölmenntu til Frakklands kom erlendum fjölmiðlum mjög á óvart og sú karnival stemming sem fylgdi þeim gladdi almenning en

tugir þúsunda tóku á móti liðinu við Arnarhól þegar það snéri frá Frakklandi.

Tólfan fór hreint út sagt á kostum, sigraði Frakkland og heiminn, og er enn þann dag í dag að fljúga út og suður til að taka hið margrómaða víkingaklapp.

Breytingar urðu á þjálfarateymi landsliðsins eftir EM. Lars Lagerbäck lét af störfum en hann tilkynnti fyrir lokamótið að hann yrði ekki áfram sem einn af þjálfurum landsliðsins. Helgi Kolviðsson var ráðinn sem aðstoðarlandsliðsþjálfari og tók hann til starfa um haustið.

Í lok árs var Gylfi Þór Sigurðsson útnefndur íþróttamaður ársins af samtökum íþróttafréttamanna og karlalandsliðið var útnefnt sem lið ársins af sömu samtökum.

Árið 2016 er svo sannarlega ár sem enginn Íslendingur mun gleyma í bráð, hvort sem viðkomandi er fótboltaunnandi eða ekki.

EM 2016



STEMNINGIN



A-LANDSLIÐ KVENNA



SJÁUMST Á
EM 2017



EM SÆTIÐ TRYGGT

Ísland hélt áfram að berjast fyrir því að tryggja sér sæti á EM 2017 og var það nokkuð ljóst að sú barátta yrði á milli Íslands og Skotlands. Undirbúningurinn fyrir síðustu leiki undankeppninnar hófst strax í febrúar. Þá fór liðið til Póllands og lék þar við heimamenn þar sem jafntefli varð staðreynd, 1-1.

Því næst var haldið á Algarve Cup þar sem Ísland var í nokkuð sterkum riðli með Kanada, Belgíu og Danmörku. Liðið hóf keppnina með góðum sigrum á Belgíu, 2-1, og Danmörku, 4-1. Liðinu nægði jafntefli gegn Kanada til að komast í úrslitaleik mótsins. Það var hins vegar Kanada sem vann 1-0 og því lék Ísland um 3. – 4. sæti gegn Nýja Sjálandi. Staðan var 1-1 eftir venjulegan leiktíma en Ísland stóð uppi sem sigurvegari eftir vítaspyrnukeppni, 6-5. Veganestið var því gott fyrir komandi átök.

Ísland hélt áfram sigurgöngu sinni í undankeppninni þegar liðið vann sigur á Hvíta Rússlandi ytra 5-0. Í júní voru síðan leiknir tveir leikir, 4-0 sigur á Skotum ytra áður en Makedónía var gjörsigrað 8-0 á Laugardalsvelli. Aðeins tveir leikir eftir og enn átti Ísland eftir að fá á sig mark. Liðið átti aðeins tvo heimaleiki eftir, gegn Slóveníu og Skotlandi. Fyrr um daginn fyrir leikinn gegn Slóveníu var orðið ljóst að Ísland væri komið á EM í Hollandi 2017. Fagnaði liðið þeim frábæra áfanga með 4-0 sigri. Leikurinn gegn Skotlandi var því nokkurn veginn formsatriði en liðið var staðráðið í að fara í gegnum riðlakeppnina með fullt hús stiga og án þess að fá á sig mark. Það tókst hins vegar ekki þar sem Skotar náðu 2-1 sigri í leiknum. Engu að síður frábær árangur, sigur í riðlinum var í höfn og Ísland fer í úrslitakeppni EM í þriðja skiptið í röð.

Liðið lauk síðan frábæru ári með þátttöku í Sincere Cup í Kína. Þar var leikið við heimamenn, Danmörku og Úsbekistan. Ísland gerði jafntefli við Kína í fyrsta leik, 2-2, tapaði síðan fyrir Danmörku, 0-1, áður en sigur vannst á Úsbekistan, 1-0.

Það er ljóst að Íslendingar ætla að fjölmenna annað sumarið í röð á stórmót, en miðasala á leiki liðsins hefur farið gríðarlega vel af stað. Árið 2017 verður án efa ekki síðra en 2016.

Áfram Ísland!

Kvinnalandsliðið tryggði sér sæti í úrslitakeppni EM í þriðja sinn á árinu. Liðið lék á EM 2009 í Finnlandi og á EM 2013 í Svíþjóð



YNGRI LANDSLIÐ



STELPUARNAR Í MILLIRIÐIL

U21 karla

U21 karla hélt áfram keppni í sínum riðli í undankeppni EM 2017 og var í nokkuð góðri stöðu þegar árið hófst. Liðið hélt áfram að leika mjög vel, en það lék mjög agaðan og skipulegan varnarleik og var fljótt fram að sækja. Liðið hóf árið á þremur leikjum ytra. Sá fyrsti var leikinn í mars og náði Ísland þar góðu markalausu jafntefli gegn Makedóníu. Liðið lék því næst tvo leiki á útivelli í september. Góður 1-0 sigur gegn Norður Írum var staðreynd áður en liðið þurfti að lúta í lægra haldi gegn Frökkum 2-0. Eftir að strákarnir náðu síðan 2-0 sigri gegn Skotum á Víkingsvelli í október var það algjörlega í höndum þeirra að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni. Liðið mætti Úkraínu á Laugardalsvelli í lokaleik riðilsins en þurfti að sætta sig við grátlegt 2-4 tap og með því hurfu vonir þeirra um sæti á stórmóti.

U19 kvenna

U19 landslið kvenna hélt til Finnlands í september til að taka þátt í undankeppni EM 2017. Þar mætti liðið Finnlandi, Kasakstan og Færeyjum. Eftir að hafa unnið Færeyjar 5-0 og Kasakstan 10-0 í fyrstu tveimur leikjunum var ljóst að það yrði úrslitaleikur um fyrsta sæti riðilsins gegn Finnum. Heimamenn reyndust of sterkir og náðu að knýja fram 3-0 sigur á íslenska liðinu. Þrátt fyrir þetta tap tryggði Ísland sér sæti í milliriðli í Þýskalandi og mætir þar Póllandi, Sviss og heimamönnum.

U19 karla

U19 ára lið karla lék fimm leiki á árinu. Í september hélt liðið til Wales og lék þar tvo leiki gegn heimamönnum. Var það liður í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni EM 2017. Ísland vann sigur í fyrri leik þjóðanna, 2-1,

en síðari leikurinn endaði með markalausu jafntefli. Liðið hélt síðan til Úkraínu og lék þar við Lettland, Úkraínu og Tyrkland í undankeppni EM. Eftir tap í fyrstu tveimur leikjunum, gegn heimamönnum og Tyrkjum, var orðið ljóst að liðið kæmist ekki áfram. Strákarnir náðu hins vegar að klóra í bakkann gegn Lettlandi og unnu þar góðan 2-0 sigur.

U17 karla

Liðið var mikið á ferðinni á árinu og lék alls 17 leiki. Fyrst ber að nefna þáttöku þess í milliriðli EM 2016 sem var leikinn í Frakklandi á fyrri hluta ársins. Til að undirbúa það fyrir átökin í Frakklandi var haldið til Skotlands í febrúar þar sem leiknir voru tveir leikir við heimamenn. Fyrri leikurinn tapaðist 1-2 en sá síðari vannst 1-0. Strákarnir voru síðan mjög nálægt því að komast upp úr mjög jöfnum milliriðli í EM. Ísland var í riðli með Frakklandi, Austurríki og Grikklandi. Fjögur stig voru uppskeran eftir markalaust jafntefli gegn Austurríki, 0-1 tap gegn Frökkum og 1-0 sigur á Grikklandi.

Næsta verkefni fyrir nýtt U17 landslið var UEFA mót sem haldið var í Finnlandi og lék í riðli með heimamönnum, Svíþjóð og Rússlandi. Liðið gerði góða ferð og vann riðilinn með sigrum á Svíþjóð og Finnlandi, en leikurinn gegn Rússum tapaðist. Ísland hélt svo aftur til Finnlands í ágúst til að taka þátt í Norðurlandamótinu. Þar vann liðið sinn riðil þrátt fyrir að hafa tapað fyrsta leiknum gegn Svartfjallalandi, 0-1. Sigrar á Færeyjum og Svíþjóð gerðu það að verkum að liðið mætti Dönnum í úrslitaleiknum. Danir sigruðu þann leik 2-0 og endaði því íslenska liðið í öðru sæti mótsins. Riðill Íslands í undankeppni EM 2017

var síðan haldinn í Ísrael í nóvember og þar mætti liðið Armeníu, Ísrael og Póllandi. Ekki var sú ferð til fjár og töpuðust allir þrír leikirnir. Liðið endaði síðan viðburðarríkt ár á tveimur vináttuleikjum gegn gríðarsterku liði Þjóðverja. Leikirnir tveir voru leiknir í Egilshöll og töpuðust báðir, 2-7 og 0-1.

U17 kvenna

U17 kvenna lék 15 leiki á árinu og hóf leik með tveimur leikjum gegn Skotum í Egilshöll. Leikirnir voru liður í undirbúningi liðsins fyrir milliriðil í undankeppni EM 2016. Ísland sigraði báða leikina nokkuð örugglega, 3-0 og 4-2. Ísland hélt til Serbíu í lok mars og hóf leik í milliriðli sínum gegn Belgum. Þar vannst 2-1 sigur og byrjunin lofaði góðu. En ekki tókst að fylgja eftir þeim sigri og töp gegn Englandi og Serbíu fylgdu í kjölfarið.

Nýtt lið hélt til Finnlands í maí til að taka þátt í UEFA móti. Þar mættu íslensku stelpurnar Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Þær töpuðu fyrstu tveimur leikjunum sínum, gegn Svíum og Finnum, en tókst að knýja fram góðan 5-2 sigur gegn Rússum.

Norðurlandamótið var haldið í Noregi í byrjun júlí og mætti Ísland þar Danmörku, Noregi og Frakklandi. Sigur vannst gegn Dönnum í fyrsta leik áður en liðið gerði jafntefli við Frakka og tapaði fyrir Noregi. Því næst lék liðið um 5. -6. sæti og vann þar frábæran 4-0 sigur á Finnlandi.

Síðan ber að geta þess að liðið tók þátt í undankeppni EM 2017 á Írlandi og tókst þar með góðri frammistöðu að tryggja sér sæti í milliriðli. 4-0 sigur vannst á Hvít-Rússum og 4-0 sigur á Færeyjum áður en liðið tapaði 4-1 gegn Írlandi í lokaleik riðilsins.

MÓTIN INNANLANDS



SPENNANDI ÁR

Pepsi deild karla

FH Íslandsmeistari

Íslandsmótið fór vel af stað og var það mjög jafnt til að byrja með. Stjarnan, FH og Breiðablik skiptust á að leiða deildina, en eftir að FH tók forystuna af Breiðablik í lok sjöundu umferðar héldu þeir henni til loka. Deildin hélt þó áfram að vera mjög jöfn og virtist stefna í gríðarlega baráttu um titilinn. En með 3-2 sigri FH á Stjörnunni í uppgjöri tveggja efstu liðanna náði liðið sjö stiga forskoti og voru þeir aldrei nálægt því að missa niður það góða forskot. Áttundi Íslandsmeistaratitill FH var því staðreynd. FH lauk keppni með 43 stig, fimm færri en árið á undan, en Stjarnan kom þar á eftir með 39 stig. Það var síðan KR sem náði í þriðja sætið, og sæti í Evrópukeppni, eftir að Breiðablik tapaði 0-3 á heimavelli gegn Fjölni. Við það skaut KR upp fyrir Kópavogslíðið. Þróttur Reykjavík og Fylkir þurftu að bíta í það súra epli að falla niður um deild. Þess má geta að þar með lauk 17 ára samfelldri dvöl Fylkis í deild þeirra bestu. Markakóngur þetta árið kom úr röðum ÍA. Garðar Gunnlaugsson skoraði 14 mörk fyrir Skagamenn, en Kristinn Freyr Sigurðsson, leikmaður Vals, fylgdi í humátt með 13 mörk.

Kristinn Freyr var hins vegar valinn leikmaður ársins af leikmönnum deildarinnar og kórónaði með því frábært sumar. Óttar Magnús Karlsson, leikmaður Víkings Reykjavík, var valinn efnilegasti leikmaður mótsins.

Valur vann Meistarakeppni KSÍ með sigri á FH eftir vítaspyrnukeppni en KR varð Lengjubikarmeistari eftir 2-0 sigur á Víking Reykjavík.

Alls mættu 128.741 áhorfendur á leiki Pepsi-deildar karla á seinasta tímabili eða 975 að meðaltali á hvern leik og hafði úrslitakeppni EM mikil áhrif á aðsóknina um mitt sumar enda fjölmenntu stuðningsmenn Íslands til Frakklands. Flestir mættu á heimaleiki Íslandsmeistara FH eða 1.541 að meðaltali á hvern leik. Næst besta aðsóknin var á Kópavogsvöll þar sem 1.203 áhorfendur mættu að meðaltali. Flestir áhorfendur voru á leik FH og KR en þá sóttu 2.406 áhorfendur Kaplakrika heim.

Pepsi deild kvenna

Stjarnan endurheimti Íslandsmeistaratitilinn

Stjarnan varð Íslandsmeistari eftir mikla baráttu við Breiðablik allt fram í lokaumferðina. Aðeins tvö stig skildu á milli liðanna fyrir síðasta leikinn, Stjarnan á toppnum. Garðbæingar unnu góðan 4-0 sigur á FH í lokaleiknum, á meðan Breiðablik tapaði fyrir Val á útivelli. Fjórdi sigur Stjörunnar á síðustu sex árum var því staðreynd.

Stjarnan náði efsta sætinu af Breiðablik þegar deildin var hálfnuð og lét forystuna aldrei af hendi eftir það. Deildin var jafnari en árið á undan, en bæði Breiðablik og Valur enduðu tímabilið aðeins fimm stigum á eftir Stjörnunni.

Harpa Þorsteinsdóttir var valin leikmaður ársins, en hún var jafnframt markhæst með 20 mörk. Þetta var í þriðja sinn á fjórum árum sem Harpa er valin leikmaður ársins. Lilly Rut Hlynisdóttir úr Þór/KA var kosin efnilegust.

Breiðablik vann Meistarakeppni KSÍ með sigri á Stjörnunni eftir vítaspyrnukeppni og ÍBV varð Lengjubikarmeistari með 3-2 sigri á Breiðablik.

Borgunarbikarinn

Valur og Breiðablik bikarmeistarar – bæði í ellefta sinn

Keppni í Borgunarbikarnum var gríðarlega spennandi og nokkuð var um óvænt úrslit. Bæði karla - og kvennalið ÍBV komust alla leið í úrslit en þurftu hins vegar að sætta sig við tap í úrslitunum, konurnar gegn Breiðabliki og karlarnir gegn Val.

Blikar slógu út á leið sinni Keflavík, HK/Víking og Stjörnunna á meðan ÍBV vann KR, Selfoss og Þór/KA. Það tók Blika ekki nema tvær mínútur að komast yfir gegn Eyjakonum, og voru þær búnar að bæta við öðru marki eftir aðeins 24 mínútna leik. ÍBV náði að minnka muninn í byrjun seinni hálfleiks en hin frábæra Fanndís Friðriksdóttir slökkti á vonarneista Eyjamanna þegar hálf tími var eftir. Ellefti bikarmeistaratitill Breiðabliks var í höfn.

Sama var uppi á teningnum hjá karlaliði ÍBV sem mætti Val. Ríkjandi bikarmeistarar Vals hófu leikinn af miklum krafti og voru komnir í 2-0 eftir aðeins 20 mínútur, en Sigurður Egill Lárusson skoraði bæði mörkin. ÍBV var mjög nálægt því að minnka muninn snemma í seinni hálfleik eftir skot í slá Valsmanna. Inn vildi boltinn ekki og Valsmenn vörðu titilinn.

EVRÓPUMÓT



FH Í DAUÐAFÆRI

Stórlið Rosengård í Kópavoginn

Kvennalið Breiðabliks lék í undankeppni Meistaradeildarinnar á árinu og lék í riðli í Wales. Breiðablik lék gegn NSA Sofia, Cardiff og Spartak Subotica. Blikarnir byrjuðu á svekkjandi 1-1 jafntefli við Spartak Subotica en unnu svo 5-0 sigur á NSA Sofia. Lokaleikurinn við Cardiff lauk með 8-0 sigri Kópavogsstúlkna sem unnu riðilinn og fóru í 32-liða úrslit Meistaradeildarinnar.

Þar drógust Blikar við geysisterkt lið Rosengård frá Svíþjóð. Breiðablik lék heimaleikinn í október í leiðindarveðri þar sem sænska liðið hafði 0-1 sigur. Seinni leikurinn fór fram viku síðar í Svíþjóð en ekkert mark var skorað í leiknum og fór Rosengård áfram á markinu sem skorað var á Kópavogsvelli. Stjarnan tekur þátt í undankeppni Meistaradeildar kvenna 2017.

Rúnar reyndist KR-ingum erfiður ljár í þúfu

KR, Valur og Breiðablik léku í Evrópukeppni. KR hóf leik af krafti í fyrstu umferð þar sem liðið mætti norður írsku liðinu Glenavon. KR vann heimaleikinn 2-1 en vann svo 0-6 stórsigur á útivelli og tryggði sér sæti í næstu umferð. Næsti mótherji KR var svissneska liðið Grasshopper-Club Zürich sem var þá nýbúið að kaupa landsliðsmanninn Rúnar Má Sigurjónsson. Rúnar reyndist KR-ingum erfiður ljár í þúfu en hann skoraði tvívegis í 2-1 sigri Grasshoppers á útivelli en fyrri leikurinn hafði endað með 3-3 jafntefli á Alvogen-vellinum í Frostaskjólum. Grasshopper-Club

Zürich fór því áfram í keppninni.

Valur lék á móti danska liðinu Brøndby IF. Fyrri leikurinn fór ekki vel fyrir bikarmeistara Vals en Brøndby vann 1-4 sigur á Valsvelli. Brøndby IF vann svo einni leikinn 6-0 á sínum heimavelli og sló Valsmenn úr keppni.

Breiðablik dróst gegn lettneska liðinu FK Jelgava. Fyrri leikur liðanna var markaleikur þar sem FK Jelgava vann 2-3 sigur á Kópavogsvelli. Seinni leikurinn endaði með 2-2 jafntefli og náðu Blikarnir því ekki lengra í Evrópukeppni að þessu sinni.

FH einu marki frá því að komast áfram

FH lék í undankeppni Meistaradeildarinnar. FH dróst gegn írsku liðinu Dundalk og mættust liðin fyrst á Írlandi þar sem 1-1 jafntefli varð niðurstaðan. Seinni leikurinn var sannkallaður háspennuleikur. FH komst yfir á 19. mínútu með marki Sam Hewson en Írarnir jöfnuðu metin og komust í 2-1 í seinni hálfleik. FH jafnaði svo metin á 78. mínútu með marki Kristjáns Flóka Finnbogasonar og þurfti FH því aðeins eitt mark til að komast í næstu umferð. Við tóku spennandi

lokamínútur þar sem FH gerði allt sem þeir gátu til að skora en því miður höfðu Hafnfirðingar ekki árangur sem erfiði og tryggði Dundalk sér áframhaldandi þátttökurétt í undankeppni Meistaradeildarinnar.

Breiðablik tók þátt í unglingsdeild UEFA. Liðið lék við sterkt lið Ajax og áttu Blikar við ofurefli að etja. Hollenska liðið vann fyrri leikinn 0-3 á Kópavogsvelli og 4-0 á heimavelli og fór örugglega áfram.

FH tekur aftur þátt í undankeppni Meistaradeildarinnar árið 2017 en KR, Valur og Stjarnan leika í forkeppni Evrópukeppni Meistaradeildarinnar.



DÓMARAMÁL



GÓÐUR GESTUR

David Elleray gestafyrirlesari á dómaraáðstefnu

David Elleray, fyrrum dómari í ensku úrvalsdeildinni, hélt fyrirlestur fyrir íslenska dómara á dómaraáðstefnu KSI. „Það er gríðarlega mikill heiður fyrir okkur að fá Elleray hingað til lands enda er þar á ferðinni einn allra fremsti enski dómari fyrr og síðar. Hann er í raun óþrjótandi viskubrunnur þegar kemur að knattspyrnudómgæslu. Elleray situr í dómara nefnd UEFA og er því klárlega einn af valdamestu mönnum dómaramála í Evrópu,” sagði Þorvaldur Árnason formaður í Félagi deildardómara.

„Hann er höfundur UEFA CORE (UEFA Centre of Refereeing Excellence) námsins sem byggir á því að mennta unga og efnilega dómara þannig að þeir verði sem best undirbúnir fyrir stærri verkefni.”

Hæfileikamótun dómara

Mikið starf var unnið í hæfileikamótun dómara á síðasta ári og þá bæði í formi aðstoðar við valinn hóp landsdómara og einnig átaksverkefni fyrir yngri dómara. Lærifeður fyrir dómara úr

landsdómarahópnum voru fjórir afar reyndir fyrrverandi dómara, þeir Áskell Þór Gíslason, Gísli Hlynur Jóhannsson, Kristinn Jakobsson og Magnús Þórisson. Þeir landsdómara sem nutu sérstakrar aðstoðar voru Sigurður Hjörtur Þrastarson, Tómas Orri Hreinsson, Helgi Mikael Jónasson og Karel Fannar Sveinbjörnsson.

Í átaksverkefnið fyrir yngri dómara voru valdir 13 einstaklingar á aldrinum 13-25 ára og voru reyndir dómara fengnir til að fylgjast með þeim í leikjum til að leiðbeina og benda á leiðir til úrbóta. Tveir úr þessum hópi voru síðan teknir inn í hóp landsdómara á haustmánuðum, þeir Egill Guðvarður Guðlaugsson og Guðgeir Einarsson.

6 dómara kerfi í Borgunarbikar

Í úrslitum og undanúrslitum Borgunarbikars karla árið 2016 var notast við 6 dómara kerfi, sem við þekkjum frá Meistaradeildinni og Evrópudeildinni. Kristinn Jakobsson fyrrverandi FIFA dómari hafði á ferli sínum öðlast talsverða reynslu í notkun þessa kerfis og mikilvægt er að viðhalda þeirri þekkingu hér á landi.

Fjórði dómari í úrslitaleik lokakeppni U17

Gunnar Jarl Jónsson var fjórði dómari í úrslitaleik EM U17 sem fram fór í Baku í Azerbaijan í maí síðastliðnum. Um var að ræða viðureign Portúgals og Spánar. Auk þessa leiks dæmdi hann fjóra leiki á mótinu, ásamt því að vera fjórði dómari í undanúrslitaleik Portúgals og Hollands.

Gunnar Jarl og Elías Ingi dómara ársins

Gunnar Jarl Jónsson var valinn besti dómari ársins af leikmönnum í Pepsi-deild karla. Gunnar Jarl er einn af okkar reynslumestu dómurum og er einn af alþjóðlegum dómurum okkar Íslendinga.

Elías Ingi Árnason var valinn besti dómari ársins í Pepsi-deild kvenna en það eru leikmenn í deildinni sem velja. Elías er vel að þessari nafnbót kominn en hann dæmdi 11 leiki í Pepsi-deild kvenna í sumar.



ÁRIÐ SEM LEIÐ



ÞAÐ HELSTA FRÁ 2016

Stjórn KSÍ

70. ársþing KSÍ var haldið á Nordica Hótel í Reykjavík 13. febrúar 2016.

Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson, formaður
Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður
Gylfi Þór Orrason, gjaldkeri
Gísli Gíslason, ritari
Jóhannes Ólafsson
Ragnhildur Skúladóttir
Róbert Agnarsson
Rúnar Arnarson
Vignir Már Þormóðsson

Varamenn í aðalstjórn:

Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason
Kristinn Jakobsson

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Magnús Björn Ásgrímsson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðþjófsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland.

Geir Þorsteinsson tilkynnti það í byrjun árs 2017 að hann myndi ekki sækjast eftir endurkjöri sem formaður KSÍ.

Stjórn KSÍ hélt 16 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga). Fundargerðir stjórnar má sjá á vef KSÍ:

www.ksi.is/um-ksi/fundargerdir-stjornar

Starfsfólk KSÍ

Tveir nýir starfsmenn hófu störf á skrifstofu KSÍ. Óskar Örn Guðbrandsson starfar að fjölmiðla- og markaðsmálum og Pjetur Sigurðsson starfar að dómara- og mótamálum.

Þá hafa orðið breytingar á þjálfaramálum yngri landsliða en Dean Martin tekur við hæfileikamótun N1 og KSÍ af Halldóri Björnssyni sem lét af störfum. Þorlákur Árnason var ráðinn landsliðsþjálfari U17 karla og Jörundur Áki Sveinsson tók við sem landsliðsþjálfari U17 kvenna.

(Nánari upplýsingar um nýtt starfsfólk má sjá á vef KSÍ)

Starfsfólk KSÍ 2016

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri
Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Dagur Sveinn Dagbjartsson, fræðslumál
Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Gunný Gunnlaugsdóttir, landsliðsmál
Haukur Hinriksson, lögfræðingur
Hilmar Þór Guðmundsson, markaðsmál
Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsmaður
Magnús Már Jónsson, dómara- og mótastjóri
Margrét Elíasdóttir, ritari
Óskar Örn Guðbrandsson, markaðsmál
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Pjetur Sigurðsson, dómaramál
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
Þorvaldur Ingimundarson, mótamál

Víkingur Ólafsvík og Selfoss Íslandsmeistarar í innanhúsknattspyrnu

Selfoss vann 7-4 sigur gegn Álftanesi í úrslitaleik kvenna í innanhúsknattspyrnu. Selfossliðið reyndist öflugra á lokasprettinum eftir að staðan hafði verið jöfn 4-4. Í karlaflokki vann Víkingur Ólafsvík öruggan 13-3 sigur á Leikni/KB og hampaði Íslandsbikarnum.

Pepsi-deildin til næstu þriggja ára

365 miðlar og Ölgerðin Egill Skallagrímsson sömdu um nafnarétt efstu deilda Íslandsmóts karla og kvenna í knattspyrnu til næstu þriggja ára. Nafnið skal vera Pepsi-deildin og skulu merki og nafn mótsins verða áberandi á öllum viðburðum sem skipulagðir eru í tengslum við mótið.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365 miðla, sagði samstarf 365 miðla og Ölgerðarinnar með Pepsi-deildina hafa verið afar farsælt liðin ár og því sé sérstaklega ánægjulegt að samningur hefði náðst um framhald þess næstu þrjú árin. „Við erum afar spennt fyrir komandi leiktíð og munum sýna fleiri leiki en nokkru sinni áður í beinni útsendingu á Sportstöðvum 365. Þetta

verður því sannkölluð veisla frá fyrsta leik,“ sagði Sævar Freyr.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, tók undir að samstarfið síðastliðin 7 ár hafi verið einkar farsælt. „Við erum afar ánægð og stolt að það skuli tryggt að Pepsi verði áfram með beina þátttöku í stærsta íþróttamóti landsins. Þegar þessum samningi lýkur hefur Pepsi verið kostandi að efstu deildum karla og kvenna í áratug. Það er því heil kynslóð upprennandi fótboltamanna sem þekkir ekkert annað en að þeir bestu spila í Pepsi. Þetta ár er auðvitað stórmerkilegt í fótboltasögunni og það er alveg ljóst að áhugi almennings á fótbolta mun ná nýjum hæðum árið 2016. Það er því auðvitað stórkostlegt að framlengja samninginn á þessu merkilega fótboltaári.“

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ lýsti yfir mikilli ánægju með samninginn. „Ölgerðin hefur átt farsælt og gott samstarf við KSÍ og félögin í Pepsi-deildum karla og kvenna síðan 2009 og þessi samningur mun enn frekar styrkja það samstarf.“

Verðlaunafé í Lengjubikarnum tvöfaldað

Á stjórnarfundum KSÍ í mars var samþykkt að tvöfalda verðlaunafé í Lengjubikarnum. Keppni í Lengjubikar karla og kvenna er fyrir margt löngu orðinn fastur liður í knattspyrnuárinu á Íslandi og endurspeglar þessi hækkun mikilvægi keppinnar.

Eftir samþykktina voru upphæðir verðlaunafjár þannig:
Verðlaunafé fyrir sigur í A-deild karla og kvenna var 250.000 krónur en verður 500.000
Verðlaunafé fyrir sigur í B-deild karla og kvenna var 150.000 krónur en verður 300.000
Verðlaunafé fyrir sigur í C-deild karla og kvenna var 100.000 krónur en verður 200.000

Guðmundur Hreiðarsson inn í hóp sérfræðinga í markmannsþjálfun hjá UEFA

Guðmundur Hreiðarsson, markmannsþjálfari A landsliðs karla í knattspyrnu, var nýverið tekinn inn í hóp sérfræðinga í markmannsþjálfun á vegum UEFA. Það er engum blöðum um það að fletta að þetta er mikil viðurkenning fyrir Guðmund en hann hefur starfað, bæði sem landsliðsþjálfari og sem kennari á þjálfaragráðum KSÍ, í mörg ár.

Nýr landsliðsbúningur afhjúpaður

Nýr landsliðsbúningur var formlega kynntur til sögunnar í apríl. Búningurinn var afhjúpaður samtímis í höfuðstöðvum KSÍ í Reykjavík og í höfuðstöðvum Errea á Ítalíu, en eins og kunnugt er leika öll íslensk landslið í búningum frá Errea og hafa gert síðan 2002.

Karllandsliðið lék í búningnum á EM í Frakklandi og mun kvendlandsliðið skarta búningnum á EM 2017.

Hönnun búningsins er sem fyrr innblásin af íslenska þjóðfánanum, með fánaröndina áberandi. Innan á kraganum er að finna áletrunina „Fyrir Ísland“, sem lýsir vel þeim hug sem leikmenn okkar bera til landsliðsins þegar þeir ganga inn á keppnisvöllinn. Þetta var í fyrsta sinn sem landslið í Errea-búningi leikur í úrslitakeppni EM karla.

Borgunarbikarinn út árið 2017

Borgun og 365 miðlar sömdu um að bikarkeppni KSÍ beri heitið Borgunarbikarinn út árið 2017. Í samningnum var kveðið á um fleiri beinar útsendingar og enn meiri umfjöllun um Borgunarbikarinn.

Ingólfstorg varð EM-torg - Arnarhóll varð heimavöllur íslenska liðsins

Reykjavíkurborg og Höfuðborgarstofa í samstarfi við KSÍ, Símann, Landsbankann, Icelandair, N1, Vífilfell, Borgun og Íslenskar Getraunir settu upp EM torg á Ingólfstorgi þar sem leikir frá EM voru sýndir á risaskjá



ásamt ýmsum skemmtatriðum. Mörg þúsund áhorfendur fjölmenntu á leiki Íslands sem og annarra liða og upplifðu saman stemninguna í Frakklandi. Það varð fljótlega ljóst að Ingólfstorgið var einfaldlega ekki nægilega stórt þegar áhuginn var sem mestur og voru seinustu leikir Íslands færðir á risasvið við Arnarhól þar sem um 25.000-30.000 manns fjölmenntu og studdu við bakið á íslenska liðinu.

Þegar strákarnir okkar komu heim eftir að tapa gegn Frökkum í 8-liða úrslitum var haldin heimkomuhátíð þar sem tugir þúsunda hylltu landsliðið á Arnarhóli - augnablik sem aldrei mun gleymast.

Klara eftirlitsmaður UEFA á úrslitaleik Meistaradeildar kvenna

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, var eftirlitsmaður UEFA á úrslitaleik Meistaradeildar kvenna þar sem Wolfsburg og Lyon mættust en leikið var á Stadio Città del Tricolore velliðum í Reggio á Ítalíu.

Það var mikill heiður fyrir Klöru og íslenska knattspyrnu að hún skuli hafa verið tilnefnd til þessara starfa. Lyon vann leikinn og þar með Meistaradeildina eftir háspennuleik.

Ítarleg umfjöllun um Pepsi-deild kvenna hjá 365 miðlum

KSÍ, 365-miðlar og Sport TV gerðu samning á árinu sem tryggði stórauðna umfjöllun frá Pepsi-deild kvenna. Ágúst Héðinsson yfirmaður íþróttu og útvarps hjá 365: „Minnst einn leikur verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport í hverri umferð. Þá verður



hver umferð gerð upp í sérstökum markaðætti þar sem sýnt verður úr öllum leikjum. Leikjunum verður þar að auki gerð góð skil í Sportpakkanum í kvöldfréttum Stöðvar 2, en nýlega voru íþróttufréttir Stöðvar 2 lengdar og eru nú minnst tíu mínútur hvern dag. Umfjöllun í sjónvarpi verður undir styrki stjórn Helenu Ólafsdóttur, fyrrum landsliðskonu í knattspyrnu og landsliðsþjálfara, en fáir hafa betri þekkingu á knattspyrnu kvenna á Íslandi en Helena. Fylgst verður með öllu því helsta sem gerist í Pepsi-deild kvenna í öðrum miðlum, svo sem Vísi, Fréttablaðinu og Akraborginni á X-inu 977. Þá verður vitanlega hægt að fylgjast með leikjum í beinni útsendingu hvar sem er á landinu í gegnum 365 appið.“

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ: „Samstarf knattspyrnuhreyfingarinnar og 365 miðla hefur verið með miklum ágætum um langt skeið og þessi samningur, með aðkomu Ölgerðarinnar, Hagsmunasamtaka félaga í efstu deild eflir það samstarf enn frekar. Vikulegur markaðáttur með öllum helstu atvikum úr leikjum í Pepsi-deild kvenna mun auka umfjöllun um deildina og almennan áhuga á henni. Þetta er mikið framfaraskref. Ég er virkilega ánægður með samninginn og bind miklar vonir við hann.“

Kosovo í HM-riðli með Íslandi
Í kjölfar ákvörðunar þings FIFA í

maí, þegar Kosovo og Gíbraltar voru samþykkt sem 210. og 211. aðildarþjóðir FIFA, fengu knattspyrnusambönd beggja þessara landa nú þátttökurétt í undankeppni HM 2018 sem hófst í september.

Ákveðið var að Kosovo leiki í I-riðli, þar sem fyrir voru Ísland, Króatía, Úkraína, Tyrkland og Finnland. Leikjum íslenska liðsins í undankeppninni fjölgaði því um tvo.

Ísland aldrei ofar á heimlista FIFA

Íslenska karlalandsliðið fór í 21. sæti á heimlista FIFA á árinu en Ísland hefur aldrei verið ofar á listanum. Ísland var efst Norðurlandþjóða en í lok árs var Ísland í 21. sæti listans, Svíar í 41. sæti, Danir í 47. sæti, Færeyingar í 82. sæti, Noregur í 84. sæti og Finnar í 93. sæti listans.

Íslenskir stuðningsmenn fá verðlaun fyrir EM

UEFA ákvað að verðlauna stuðningsmenn Íslands, Írlands, Wales og Norður-Írlands fyrir góða frammistöðu á EM í sumar. Stuðningsmenn Íslands fóru mikinn í stúkunn á leikjum Íslands og vöktu heimsathygli fyrir vaska framgöngu sína.

„Ísland, Norður-Írland, Wales og Írland fá verðlaun fyrir framúrskarandi

framlag stuðningsmanna þeirra,” sagði í tilkynningu frá UEFA.

Stuðningsmenn Íslands vöktu mikla athygli í Frakklandi og „Vikingaklappið“ er orðið heimsfrægt eftir mótið. Þá voru meðlimir Tólfunnar mjög öflugir á leikjum Íslands og þakkar KSÍ þeim og öllum sem hvöttu lið Íslands til dáða á EM í sumar kærlega fyrir magnaðan stuðning.

FIFA tilnefndi stuðningsmenn Íslands sem “Bestu stuðningsmenn ársins 2016” en íslensku stuðningsmennirnir unnu ekki verðlaunin að þessu sinni en stjórnunú samt af fagmennsku víkingaklappi á verðlaunaafhendingunni.

Arnar Bill útskrifast með UEFA PRO gráðu

Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri KSÍ, útskrifaðist með UEFA PRO þjálfaragráðu frá enska knattspyrnusambandinu. Arnar hóf námið í janúar 2015 ásamt 23 öðrum þjálfurum. Námið er viðamikilið eins og gefur að skilja en meðal þess sem fjallað er um er; Leiðtogaefni, samskipti við leikmenn, stjórnarmenn, stuðningsmenn og fjölmiðla, leikgreining og fjármál. Arnar er sjöundi íslenski þjálfarinn sem útskrifast með gráðuna frá enska sambandinu, en gott samstarf er milli knattspyrnusambandanna varðandi þjálfaramenntun.

Þjálfaranámskeið ætlað konum

Haustið 2016 hófu 10 konur nám á KSÍ A þjálfaranámskeiði sem styrkt var af UEFA og var eingöngu fyrir konur. Hópurinn fór m.a. til Noregs þar sem kvennalið Lilleström og Stabæk tóku vel á móti þeim. Námskeiðið var að öllu leyti eins og hefðbundin KSÍ þjálfaranámskeið. Markmiðið var að fjölga kvenkyns þjálfurum með KSÍ A gráðu en fáar konu starfa sem aðalþjálfarar í 11 manna bolta á Íslandi.

Mögnuð tilþrif á Special Olympics

Mikil stemmning var á Special Olympics þar sem fatlað íþróttafólk sýndi magnaða takta á knattspyrnuvöllinum. Gleðin skein úr hverju andliti og ekki minnkaði brosið þegar hvert glæsismarkið af fætur öðru var skorað! ÍF og KSÍ hafa verið í áralöngu samstarfi þar sem markmið er að efla knattspyrnuíðkun fyrir fólk með fötlun. Unnið er að því að efla þátttöku kvenna en einnig hefur verið innleitt verkefnið „unified football“ þar sem fatlaðir og ófatlaðir spila sama í liðum.

Stefán Geir Þórisson skipaður í Alþjóðlega íþróttadómstólinn

Í desember var Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður skipaður dómari í Alþjóðlega íþróttadómstólinn (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS). Tilnefningin gildir frá 1. janúar 2017 og er til 4 ára. Stefán hefur setið í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ frá



Fjöl margar áhugaverðar fréttir, viðtöl og greinar má einnig finna á vef KSÍ, www.ksi.is.

árinu 2007 og í stjórn KSÍ 2007-2009. Útnefningin er mikil viðurkenning fyrir Stefán en ekki síður fyrir okkar litlu þjóð. Stefán er fyrsti íslendingurinn sem skipaður er dómari við dómstólinn.

Alþjóðlegi íþróttadómstóllinn er alþjóðlegur gerðardómur með höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss. CAS er sjálfstæður dómstóll og er æðsta dómstigi sem fjallar um lögfræðileg álitafni og ágreining á sviði íþróttá heimsvísu.

Úthlutað til 25 verkefna úr mannvirkjasjóði

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum í apríl úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ.

Þetta var í níunda skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum en ný reglugerð um sjóðinn tók gildi í byrjun árs 2012. Alls var úthlutað til 25 verkefna, samtals 118,5 milljónum króna.

Vilyrði fyrir styrk þarf að endurnýja fyrir þau verkefni sem ekki hófust á árinu. Í samræmi við reglugerð um sjóðinn nutu forgangs þær umsóknir sem miða að því að uppfylla kröfur vegna leyfiskerfis KSÍ. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum og öðrum sem besta aðstöðu. Meðal framkvæmda á árinu var nýtt gervigras í Boganum, á KR-velli og Fylkisvelli.





Gylfi Þór og Sara Björk knattspyrnufólk ársins 2016

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Söru Björk Gunnarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2016. Þetta var í 13. sinn sem knattspyrnufólk ársins var sérstaklega útnefnt af KSÍ og voru það fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni, sem völdu.

Knattspyrnumaður ársins

Gylfi Þór Sigurðsson var sem fyrr í stóru hlutverki hjá félagsliði sínu, Swansea, á árinu. Hann lék flesta leiki þess á síðasta keppnistímabili, skoraði 11 mörk og átti 4 stoðsendingar, þegar Swansea hafnaði í 12. sæti ensku úrvalsdeildarinnar. Gylfi var lykilmáður í landsliði Íslands á árinu. Hann lék alls 8 leiki á árinu, skoraði í þeim 2 mörk og átti 3 stoðsendingar. Gylfi lék í öllum leikjum Íslands í lokakeppni EM í Frakklandi í sumar og var einn af mikilvægustu leikmönnum liðsins í mótinu. Ragnar Sigurðsson varð í 2. sæti og Aron Einar Gunnarsson í 3. sæti.

Knattspyrnukona ársins

Sara Björk Gunnarsdóttir hóf árið með sænska félaginu Rosengård, eins og fyrri ár. Hún lék fyrstu 10 leikina með liðinu á tímabilinu þar sem félagið vann níu og gerði eitt jaftefli. Hún skoraði mark Rosengård gegn Frankfurt í 8 liða úrslitum Meistaradeildar kvenna en þýska liðið hafði betur eftir vítakeppni. Sara hafði vistaskipti á árinu og samdi við þýska stórlíðið Wolfsburg sem er eitt af alsterkustu félagsliðum Evrópu og lék til úrslita í Meistaradeild kvenna í maí. Sara var sem fyrr í lykilhlutverki hjá íslenska landsliðinu sem tryggði sér sæti í úrslitum EM með því að vinna sinn riðil. Harpa Þorsteinsdóttir varð í 2. sæti og Dagný Brynjarsdóttir í 3. sæti.

Formaður KSÍ í framboði til stjórnar FIFA

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, bauð sig fram í stjórn FIFA og nýtur hann stuðnings knattspyrnusambandanna á Norðurlöndum. Kosið verður um fjögur sæti af níu sem Evrópa hefur í stjórn FIFA á þingi UEFA 5. apríl nk.

Fjölgun iðkenda í knattspyrnu

ÍSí tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar eru í árslok 2016 eru fyrir árið 2015. Sem fyrr voru langflestir iðkendur hjá KSÍ, og fjölgar þeim nokkuð milli árána 2014 og 2015. Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölgaði um 2,4% milli ára og voru iðkendur árið 2015 alls 23.189 talsins. Þetta var fjölgun um 550 iðkendur frá árinu 2014. Hlutfallslega var meiri fjölgun karla heldur en kvenna. Körlum fjölgaði um 3% á milli ára, úr 15.419 í 15.926 en konum fjölgaði um 1%, úr 7.226 í 7.263. Þess ber að geta að í tölum ÍSí var ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSí er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögum sem stunda knattspyrnu á þeirra vegum.

1. deild karla varð Inkasso-deildin

1. deild karla mun bera nafnið Inkasso-deildin næstu þrjú keppnistímabil. KSÍ, Inkasso og 365 miðlar undirrituðu samning þess efnis á árinu. Þetta var í fyrsta skipti sem þessi réttindi voru seld þessum hætti. Samningurinn var gerður í nánú samráði við fulltrúa allra félaganna í deildinni.

Samningurinn felur í sér að 365 miðlar munu hafa einkarétt til sjónvarpsútsendinga frá öllum leikjum deildarinnar og var með samningnum stefnt að verulega aukinni umfjöllun um deildina og leiki hennar, sér í lagi með beinum útsendingum í sjónvarpi eða yfir internetið. Stöð 2 Sport var með 22 beinar útsendingar úr Inkasso-deildinni í sumar en einn leikur var sýndur beint í hverri umferð.

„Það eru spennandi tímar framundan og vilji Inkasso er að styðja enn fremur við bakið á íslenski knattspyrnu, sem hefur vaxið og dafnað hratt seinustu ár. Næst efsta deildin býður upp á gæða knattspyrnu sem gaman er að fylgjast með, en því miður hefur deildin ekki fengið þá umfjöllun sem hún og knattspyrnuáhugamenn eiga skilið. Nú verður breyting á því. Farið verður í samstarf með 365 miðlum í útsendingu leikja, en 365 miðlar hafa lagt sitt að mörkum að styðja við bakið á íþróttaiðkun landsmanna og



því er ánægjulegt að segja frá því að Stöð 2 Sport verður með tuttugu og tvær beinar útsendingar frá leikjum sumarsins í Inkasso-deildinni,” sagði Georg Andersen framkvæmdastjóri Inkasso.

„Þetta er virkilega spennandi verkefni og gott tækifæri fyrir 365 miðla til að leggja enn meira af mörkum til að lyfta íslenski knattspyrnu og umfjöllun um hana á hærra plan.“ sagði Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, lýsti yfir mikilli ánægju með samninginn: „Þessi samningur mun gera okkur kleift að gera næst efstu deild karla mun sýnilegri en áður og Inkasso mun

styðja félögin í þeirri vinnu að fjölga áhorfendum. Samstarfið við 365 á liðnum árum hefur verið afar farsælt og þessi samningur mun klárlega auka verulega umfjöllun um deildina til muna. Þetta er stórt og gott skref sem eykur verðmæti deildarinnar.”

Félögin í Inkasso-deildinni fengu verðlaunafé sem var samtals 4,5 milljónir króna. Liðið sem vann deildina fékk eina milljón í verðlaunafé.





129 beinar útsendingar

Alls var sýnt beint frá 129 leikjum í mótum ársins 2016, sem var talsverð aukning frá árinu 2015 þegar alls voru sýndir 110 leikir í beinni útsendingu.

Beinar útsendingar frá Pepsi-deild karla á Stöð 2 Sport voru 72 talsins en árið á undan var sýnt frá 27 leikjum.

Í Pepsi-deild kvenna voru 20 leikir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport en nú var einnig sýndur uppgjörsþáttur eftir hverja umferð. Alls voru 22 leikir sýndir beint frá Inkasso-deild karla og 4 leikir frá Lengjubikar karla.

Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls 10 leikjum í Borgunarbikar karla, sem var talsverð aukning frá fyrri árum. Stöð 2 Sport sýndi svo beint frá bikarhelgi Borgunarbikarsins en leikið var á föstudegi og laugardegi.

Stöð 2 Sport sýndi einnig frá leikjum íslenskra liða í Evrópudeildinni og Meistaradeild Evrópu og fleiri leikir voru einnig sýndir á Sport TV í samstarfi við 365-miðla.

Efsta deild karla

Ár	Beinar útsendingar
2016	72
2015	27
2014	29
2013	26
2012	25
2011	25
2010	32

Efsta deild kvenna

Ár	Beinar útsendingar
2016	20
2015	19
2014	24
2013	18
2012	17
2011	23
2010	0

1. deild karla

Ár	Beinar útsendingar
2016	22
2015	26
2014	27
2013	19
2012	22
2011	0
2010	5

Þrjú mörk í leik

Í Pepsi-deild karla síðastliðið sumar voru skoruð 361 mörk í leikjunum 132, eða 2,7 að meðaltali í leik, og fer meðaltalið því lítið eitt niður á við fimmta árið í röð.

Meðaltal marka í efstu deild karla

Ár	Meðaltal
2016	2,7
2015	2,9
2014	3,0
2013	3,1
2012	3,2
2011	3,0

Mörkunum fækkaði enn í Pepsi-deild kvenna. Í leikjunum 90 voru skoruð 263 mörk, sem gera 2,9 að meðaltali í hverjum leik.

Meðaltal marka í efstu deild kvenna

Ár	Meðaltal
2016	2,9
2015	3,6
2014	3,5
2013	3,8
2012	4,1
2011	3,6

FJÁRMÁL



Þessi kafli fjallar um heildarfjármagn sem fór til íslenskra félaga í gegnum KSÍ og UEFA.

EM framlag 453 milljónir

Á stjórnarfundum KSÍ 21. júlí 2016 var samþykkt að greiða aðildarfélögum KSÍ 453 milljónir króna vegna EM í Frakklandi. Skiptingin á framlaginu var í samræmi við niðurstöður starfshóps stjórnar og fengu 75 félög sérstakt EM framlag. Félögunum var skipt upp í þrjú flokka, í fyrsta flokki voru þau 17 félög sem bestum árangri náðu í deildarkeppni karla og kvenna sl. 3 ár, í öðrum flokki voru þau 30 félög sem þar koma á eftir og í þriðja flokknum félög sem ekki standa fyrir barna- og unglingastarfi.

Félögin í fyrsta flokki fengu 181 m. kr. til skipta, félögin í öðrum flokki 140 m. kr. og félögin í þriðja flokki 2,8 m. kr. Félögin í fyrsta og öðrum flokki fengu einnig 1 m. kr. skilyrt framlag vegna þátttöku í sérstöku unglingaþjálfaranámskeiði KSÍ. Að lokum var úthlutað 82 m. kr. til félaga í efstu tveimur deildum karla 2016 og efstu deild kvenna 2016 vegna markaðsáhrifa Evrópumótsins.

109 milljónir króna til barna- og unglingastarfs

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeildinni keppnistímabilið 2015/2016 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglunga. Uppgjör vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2016 fór fram um haustið og fengu íslensk félög í Pepsi-deild karla rúmar 56 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglingastarfs.

Stjórn KSÍ samþykkti að leggja til um 53 milljónir króna til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaga í öðrum deildum og utan deilda, en skipting á framlagi til barna- og unglingastarfs var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fengu kr. 4.488.957 (sem er fyrrgreint framlag UEFA), félög úr 1. deild fengu kr. 2.100.000, félög í 2. deild karla fengu kr. 1.400.000 hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 1.400.000 og félög utan deildarkeppni kr. 1.000.000. Úthlutun var háð því að félög hafi haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan

deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samtals var því framlag til barna- og unglingastarfs fyrir árið 2016 um 109 milljónir króna.

Um 215 milljónir vegna þátttöku í UEFA-keppnum

FH fékk rúmar 72 milljónir (580.000 evrur) fyrir Íslandsmeistarateitilinn og þátttöku í undankeppni Meistaradeildar UEFA, (UEFA Champions League). KR fékk tæpar 55 milljónir en Breiðablik og Valur fengu hvort um sig tæpar 27 milljónir (215.000 evrur á lið) fyrir þátttöku í forkeppni Evrópu deildar UEFA (UEFA Europa League).

Kvennalið Breiðabliks fékk 6,6 milljónir króna (54.000 evrur) vegna þátttöku í Meistaradeild kvenna (UEFA Women's Champions League). Breiðablik tók þátt í Unglingadeild UEFA (UEFA Youth League) og fékk styrk frá UEFA að upphæð 3,1 milljón (26.000 evrur).

Auk þessa fengu félög sem tóku þátt í Evrópukeppni 2015 framlög vegna sekta UEFA á þau félög í Evrópu sem ekki stóðust kröfur um fjárhagslega háttvísi (Financial Fair Play) skv. reglum þar um. Stjarnan, FH, KR og Valur fengu í sinn hlut um 1,4 milljónir króna hvert félag, eða samtals 5,6 milljónir króna. Að lokum skal þess getið að Stjarnan, FH, KR og Víkingur R. fengu hlutdeild í tekjum sem voru umfram áætlun vegna Evrópumóta 2015/2016. Stjarnan fékk 6,4 milljónir (51.210 evrur), FH og KR fengu hvort um sig um 4,8 milljónir (38.180 evrur) og Víkingur R. fékk 2,3 milljónir (18.620 evrur). Þetta voru því alls 18,3 milljónir.

Tæpar 15 milljónir til 5 íslenskra félaga

Breiðablik, FH, ÍBV, KR og Stjarnan fengu greiðslu frá UEFA vegna þátttöku leikmanna þeirra með íslenska landsliðinu í undankeppni EM. Breiðablik fékk 7,1 milljónir, Stjarnan fékk 4,9 milljónir, ÍBV fékk 1,6 milljónir, FH og KR fengu 0,5 milljón hvort.

140 milljónir fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi

Félög í Pepsi-deild, Inkasso-deild og Borgunarbikar fengu sérstakar greiðslur fyrir sjónvarpsréttindi samtals að upphæð um 140 milljónir króna. Innifalið í þessari tölu er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér fyrir aftan.

Pepsi-deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	Stjarnan	700.000
3	KR	500.000
4	Fjölnir	300.000
5	Valur	300.000
6	Breiðablik	300.000
7	Víkingur R.	300.000
8	ÍA	300.000
9	ÍBV	200.000
10	Víkingur Ó.	200.000
11	Fylkir	200.000
12	Próttur R.	200.000
		4.500.000

Borgunarbikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	ÍBV	500.000
3-4	FH	300.000
3-4	Selfoss	300.000
5-8	Próttur R.	200.000
5-8	Fram	200.000
5-8	Fylkir	200.000
5-8	Breiðablik	200.000
9-16	Víkingur R.	137.500
9-16	Víðir	137.500
9-16	ÍA	137.500
9-16	Stjarnan	137.500
9-16	Leiknir R.	137.500
9-16	Gróttá	137.500
9-16	Grindavík	137.500
9-16	Vestri	137.500
		4.000.000

Pepsi-deild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	Valur	500.000
4	Þór/KA	300.000
5	ÍBV	300.000
6	FH	300.000
7	KR	300.000
8	Fylkir	300.000
9	Selfoss	200.000
10	ÍA	200.000
		4.100.000

Borgunarbikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Breiðablik	1.000.000
2	ÍBV	500.000
3-4	Þór/KA	300.000
3-4	Stjarnan	300.000
		2.100.000

Inkasso-deildin

Sæti	Félag	Upphæð
1	KA	1.000.000
2	Grindavík	700.000
3	Keflavík	500.000
4	Þór	300.000
5	Haukar	300.000
6	Fram	300.000
7	Leiknir R.	300.000
8	Selfoss	300.000
9	HK	200.000
10	Leiknir F.	200.000
11	Huginn	200.000
12	Fjarðarbyggð	200.000
		4.500.000

Lengjubikar

		Upphæð
A-deild karla	KR	500.000
B-deild karla	Grótta	300.000
C-deild karla	Hamar	200.000
A-deild kvenna	ÍBV	500.000
B-deild kvenna	Valur	300.000
C-deild kvenna	Haukar	200.000
		2.000.000

Styrkir til leyfisumsækjenda 27 milljónir króna

Stjórn KSÍ ákvað að greiða öllum 24 félögum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið 2016 styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Pepsi-deild karla kr. 1.300.000 og í Inkasso-deildinni kr. 950.000.

Fjárhæðinni er fyrst og fremst ætlað að standa undir þeim kostnaði sem félögin verða fyrir vegna endurskoðunar og gerðar ársreikninga félaganna. Heildarupphæð þessara styrkja var því kr. 27 milljónir vegna leyfisumsókna fyrir keppnistímabilið 2016.

Útgjöld vegna dómgæslu 112 milljónir króna

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu á árinu voru alls 112 milljónir króna og vegur þar þyngst launa- og ferðakostnaður dómara.

Ferðapátttökugjald

Á ársþingi KSÍ 2015 var samþykkt ályktun um að taka upp ferðapátttökugjald. Félag sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks greiða kílómetragjald sem reiknað er af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils, skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Upphæðin er nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Félag sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Sett var bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2016 sem var þannig að þau félög sem urðu að greiða gjaldið greiddu að hámarki kr. 75.000 á lið. KSÍ lagði svo til það fjármagn sem upp á vantaði. Alls var greitt til félaga rúmar 10 milljónir króna, tæpar um 4,6 milljónir voru greiddar af aðildarfélögum, en KSÍ lagði fram 5,6 milljónir.

Hér að neðan má sjá lista yfir þau félög sem fengu greitt vegna ferðakostnaðar.

Pepsi-deild karla

ÍA	23.733
ÍBV	541.333
Víkingur Ó	607.333
	1.172.399

Inkasso-deildin

Fjarðarbyggð	697.533
Huginn	709.133
Leiknir F	615.933
	2.022.599

2. deild karla

Höttur	639.567
KF	51.167
Magni	47.967
Sindri	501.567
Vestri	906.767
Völsungur	188.767
	2.335.802

3. deild karla

Dalvík/Reynir	442.280
Einherji	813.080
Tindastóll	133.480
	1.388.840

4. deild karla

Hörður Í	288.229
Stokkseyri	9.429
GG	16.914
Skallagrímur	59.714
Snæfell	255.714
Geisli A	292.000
Kormákur/Hvöt	134.000
Hamar	81.000
	1.137.000

Pepsi-deild kvenna

ÍBV	297.520
Þór/KA	1.003.520
	1.301.040

1. deild kvenna

Víkingur Ó	409.500
Keflavík	102.900
Sindri	260.267
Tindastóll	109.867
	882.534

Alls greiðslur til félaga	10.240.214
Framlag KSÍ	5.599.372
Framlag félaga	4.640.842

Metár hjá KSÍ

Árið 2016 fer í sögubækurnar sem frábært knattspyrnuár, bæði innan sem utan vallar. Þar ber hæst frábær árangur landsliðanna og þátttaka Íslands á EM í Frakklandi.

Rekstur KSÍ á árinu 2016 var að mestu leyti í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun á ársþingi 2016, nema hvað tekjur og gjöld vegna þátttöku A landsliðs karla í úrslitakeppni EM voru umfram áætlun. Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2016 námu 3.021 milljón króna en áætlun gerði ráð fyrir 2.264 milljónum króna.




Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af 1,9 milljarðar króna framlagi frá UEFA vegna EM í Frakklandi, en það framlag hafði verið áætlað 1,1 milljarðar króna.

Rekstrarkostnaður KSÍ var 2.161 milljón króna, sem er 498 milljónir króna yfir áætlun, en það skýrist af auknum kostnaði tengdum góðum árangri á EM í Frakklandi. Rekstrarhagnaður ársins nam 861 milljón króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir 600 milljón króna hagnaði.

Á árinu ráðstafaði KSÍ 561 milljón króna til aðildarfélaganna vegna EM framlags, styrkja til barna- og unglíngastarfs, leyfiskerfis og fleira, en áætlun gerði ráð fyrir 413 milljónum króna. Að teknu tilliti til ráðstöfunar til aðildarfélaganna var hagnaður KSÍ 317 milljónir króna á árinu 2016. Eignir námu 1.028 milljónum króna en þar af var handbært fé 622 milljónir. Eigið fé KSÍ var 539 milljónir króna í árslok 2016.



NO TO RACISM



RESPECT

UEFA.org

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

2016

Knattspyrnusamband Íslands
Laugardalsvelli
104 Reykjavík
kt. 700169-3679

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

2016

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna	2-3
Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13
Sundurliðanir	14

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnusambandi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla Knattspyrnusambands Íslands að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og hugleiða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina, eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að verulegar skekkjur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnusambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 3. febrúar 2017

Deloitte ehf.


Björn Ingi Victorsson,
endurskoðandi


Birna María Sigurðardóttir,
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnusambands Íslands


Haukur Gunnarsson


Dýri Guðmundsson

Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli. Fjöldi ársverka á reikningsárinu var 17.

Hagnaður samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2016 nam um 317 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nema eignir um 1.028 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 539 m.kr.

Að álitum stjórnenda og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Formaður, gjaldkeri, og framkvæmdastjóri KSÍ staðfesta hér með samstæðuársreikning KSÍ fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. febrúar 2017

Stjórnendur og framkvæmdastjóri



Geir Þorsteinsson
formaður



Gylfi Orrason
gjaldkeri



Klara Bjartmarz
framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	Raun 2016	Áætlun 2016	Raun 2015
Styrkir og framlög		2.513.663.766	1.725.000.000	583.176.368
Tekjur af landsleikjum		69.618.770	63.000.000	59.147.443
Sjónvarpsréttur		331.647.770	370.000.000	367.820.932
Aðrar tekjur		37.699.006	30.900.000	37.059.832
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	12	68.737.829	74.900.000	65.087.041
		<u>3.021.367.141</u>	<u>2.263.800.000</u>	<u>1.112.291.616</u>
Kostnaður við landslið		(1.598.503.187)	(1.109.645.000)	(448.783.953)
Mótakostnaður		(160.440.300)	(159.600.000)	(145.169.447)
Fræðslukostnaður		(46.479.070)	(48.900.000)	(47.953.986)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(232.620.690)	(222.300.000)	(208.421.944)
Húsnæðiskostnaður		(21.734.271)	(24.700.000)	(20.793.250)
Annar rekstrarkostnaður		(11.572.325)	(13.100.000)	(7.269.729)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	12	(68.837.895)	(70.140.000)	(64.278.884)
Afskriftir fastafjármuna	6	(20.596.219)	(15.000.000)	(13.189.045)
		<u>(2.160.783.957)</u>	<u>(1.663.385.000)</u>	<u>(955.860.238)</u>
Rekstrarhagnaður		860.583.184	600.415.000	156.431.378
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs		40.800.000	35.000.000	27.750.000
Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs		(40.800.000)	(35.000.000)	(27.750.000)
Fjármunatekjur	4	46.413.674	30.000.000	7.944.004
Fjármagnsgjöld	5	(10.701.009)	(8.000.000)	(2.835.057)
Gengismunur		(18.147.701)	0	(3.964.098)
Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarféлага		878.148.148	622.415.000	157.576.227
Ráðstöfun til aðildarféлага	13	(560.897.374)	(413.000.000)	(147.062.633)
Hagnaður ársins		<u>317.250.774</u>	<u>209.415.000</u>	<u>10.513.594</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir	6		
Varanlegir rekstrarfjármunir		310.511.722	266.377.759
		<u>310.511.722</u>	<u>266.377.759</u>
Veltufjármunir	7		
Viðskiptakröfur		85.875.773	157.556.977
Aðrar skammtímakröfur		9.916.487	4.933.388
Handbært fé		621.600.106	152.442.291
		<u>717.392.366</u>	<u>314.932.656</u>
Eignir		<u>1.027.904.088</u>	<u>581.310.415</u>
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		538.470.197	221.583.391
Eigið fé		<u>538.834.165</u>	<u>221.583.391</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	120.733.745	100.742.249
		<u>120.733.745</u>	<u>100.742.249</u>
Skammtímaskuldir			
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	206.861.412	143.961.488
Viðskiptaskuldir	10	75.032.754	52.858.499
Aðrar skammtímaskuldir	10	86.442.012	62.164.788
		<u>368.336.178</u>	<u>258.984.775</u>
Skuldir		<u>489.069.923</u>	<u>359.727.024</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.027.904.088</u>	<u>581.310.415</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		860.583.184	156.431.378
Afskriftir	6	20.596.219	13.328.618
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		881.179.403	169.759.996
Rekstrartengdar eignir lækkun (hækkun)		66.698.105	(15.801.305)
Rekstrartengdar skuldir lækkun (lækkun)		129.342.899	(67.725.948)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.077.220.407	86.232.743
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur	4	46.413.674	7.944.004
Greidd vaxtagjöld, gengism. og fjármagnstekjuskattur		(28.848.710)	(6.799.155)
Handbært fé frá rekstri		1.094.785.371	87.377.592
Fjárfestingahreyfingar			
Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir	6	(64.730.182)	858.817
		(64.730.182)	858.817
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstöfun til aðildarféлага	13	(560.897.374)	(147.062.633)
		(560.897.374)	(147.062.633)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		469.157.815	(58.826.224)
Handbært fé í upphafi árs		152.442.291	211.268.515
Handbært fé í lok árs		621.600.106	152.442.291

Skýringar

1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf., KSÍ-íslensk knattspyrna ehf. og KSÍ-Laugardalsvallar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá KSÍ.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddur fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
Evra (EUR)	133,59	146,30	119,13	141,32
Bandaríkjadalur (USD)	120,67	131,85	112,82	129,59
Svissneskur franki (CHF)	122,50	137,08	110,81	130,50

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSÍ en þar eru styrkir sem KSÍ fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

	2016	2015
Laun	134.466.980	108.321.006
Mótframlag í lífeyrissjóð	13.475.030	10.879.639
Önnur launatengd gjöld	15.887.173	16.968.240
	<u>163.829.183</u>	<u>136.168.885</u>

Laun til formanns og framkvæmdastjóra sambandsins á árinu 2016 voru samtals 33,4 milljónir króna.

Stöðugildi að meðaltali	17	16
-------------------------------	----	----

4. Fjármunatekjur

	2016	2015
Vaxtatekjur	46.413.674	7.944.004
	<u>46.413.674</u>	<u>7.944.004</u>

Skýringar

5. Fjármagnsgjöld

	2016	2015
Fjármagnstekjuskattur af vöxtum	(9.072.742)	(1.352.516)
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(1.628.267)	(1.482.541)
	<u>(10.701.009)</u>	<u>(2.835.057)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofur og fræðslusetur	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	260.088.579	11.412.309	124.779.822	396.280.710
Eignfært á árinu	0	0	64.730.182	64.730.182
Staða í árslok	<u>260.088.579</u>	<u>11.412.309</u>	<u>189.510.004</u>	<u>461.010.892</u>
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	20.734.893	7.347.424	101.820.633	129.902.950
Afskrift ársins	4.401.340	2.282.462	13.912.417	20.596.219
Staða í árslok	<u>25.136.233</u>	<u>9.629.886</u>	<u>115.733.050</u>	<u>150.499.169</u>
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	239.353.686	4.064.885	22.959.189	266.377.759
Bókfært verð í árslok	<u>234.952.346</u>	<u>1.782.423</u>	<u>73.776.954</u>	<u>310.511.722</u>
Afskriftarhlutföll	1%	20%	0-33%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:				
			Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Skrifstofur og fræðslusetur			229.750.000	500.050.000

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2016	31.12.2015
Innlendar viðskiptakröfur	33.563.315	42.439.892
Erlendar viðskiptakröfur	52.312.458	123.717.085
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	0	(8.600.000)
	<u>85.875.773</u>	<u>157.556.977</u>
Aðrar skammtímakröfur		
	31.12.2016	31.12.2015
Fyrirframgreiddur kostnaður	9.721.026	4.711.805
Aðrar kröfur	195.461	221.583
	<u>9.916.487</u>	<u>4.933.388</u>

Skýringar

7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

	31.12.2016	31.12.2015
Bankainnstæður í íslenskum krónum	621.588.599	152.251.100
Bankainnstæður í erlendri mynt	11.507	5.553
Sjóður	0	185.638
	<u>621.600.106</u>	<u>152.442.291</u>

8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	Fjárhæð
Staða 1.1.2015	211.069.797
Hagnaður ársins 2015	10.513.594
Staða 1.1.2016	221.583.391
Hagnaður ársins 2016	317.250.774
	<u>538.834.165</u>

9. Fyrirframinnheimtar tekjur

UEFA tók yfir sölu sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar KSÍ vegna undankeppni EM 2016 og undankeppni HM 2018 og námu greiðslur vegna þessa 9,5 milljónum evra sem tekjufærast með jöfnum hætti út árið 2018.

KSÍ gerði samning um sjónvarpsrétt við 365 á árinu. Gildistími samningsins er frá 2016 til 2021.

UEFA greiddi KSÍ á árinu 2016 fyrirfram 1,2 milljónir evra sem tekjufærðar eru með jöfnum hætti fram til ársins 2020.

Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti

	31.12.2016	31.12.2015
Fyrirframgreiðslur vegna sölu á sjónvarpsrétti og öðrum réttindum	25.000.000	37.134.014
Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA	242.260.670	167.573.723
Fyrirframinnheimtar tekjur FIFA	0	39.996.000
Aðrar fyrirframinnheimtar tekjur	60.334.487	0
Tekjur 2017/2016 vegna sjónvarpsréttar og UEFA framlaga	(206.861.412)	(143.961.488)
Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímahluti í árslok	<u>120.733.745</u>	<u>100.742.249</u>

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Innlendar viðskiptaskuldir	74.931.144	50.477.594
Erlendar viðskiptaskuldir	101.610	2.380.905
	<u>75.032.754</u>	<u>52.858.499</u>

Skýringar

10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2016	31.12.2015
Laun og launatengd gjöld	84.847.069	57.371.720
Aðrar skuldir	1.594.943	4.793.068
	<u>86.442.012</u>	<u>62.164.788</u>

11. Gjaldmiðlaáhætta

Sambandið býr við gjaldmiðlaáhattu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhattu greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptakröfur	52.312.458	123.717.085
Bankainnstæður	11.507	5.553
Viðskiptaskuldir	(101.610)	(2.380.905)
	<u>52.222.355</u>	<u>121.341.733</u>

12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

	Raun 2016	Áætlun 2016	Raun 2015
Framlög og styrkir	51.532.416	52.000.000	47.820.320
Tekjur af leikjum og mótum	15.400.000	11.900.000	10.980.000
Aðrar tekjur	3.296.528	0	2.777.836
Laun og tengd gjöld	(31.777.418)	(29.640.000)	(29.255.308)
Rekstur mannvirkja	(26.011.645)	(25.300.000)	(23.454.188)
Annar rekstrarkostnaður	(11.448.832)	(12.200.000)	(11.569.388)
Afskriftir	(814.139)	(3.000.000)	(1.275.824)
Fjármunatekjur	72.605	0	73.439
Fjármagnsgjöld	(36.369)	0	(32.764)
Tap ársins	<u>213.146</u>	<u>(6.240.000)</u>	<u>(3.935.877)</u>
Framlag Reykjavíkurborgar vegna taprekstrar 2007-2013	11.008.885	11.000.000	11.008.885
Hagnaður ársins	<u>11.222.031</u>	<u>4.760.000</u>	<u>7.073.008</u>

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 14,8 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 26 m.kr.

13. Ráðstöfun til aðildarfélaga

Á árinu 2016 greiddi Knattspyrnusamband Íslands um 561 m.kr. til aðildarfélaga sinna en samþykkt áætlun gerði ráð fyrir 413 m.kr. Um er að ræða EM greiðslu sem nam tæpum 453 m.kr. og skiptist á 75 aðildarfélög. KSÍ greiddi tæpar 53 m.kr. til aðildarfélaga, annarra en þeirra sem léku í Pepsi-deild karla, vegna barna- og unglíngastarfs, en félögin í Pepsi-deild karla fengu sambærilegan styrk frá UEFA að upphæð um 56 m.kr. Auk þessa greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 27 m.kr. og ferðapáttökugjald og verðlaunafé að fjárhæð um 28 m.kr. á árinu.

14. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

Knattspyrnusamband Íslands, fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og gildir út árið 2025. Fyrri samningur fellur úr gildi frá og með sama tíma. Framlög Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins nema rúmlega 49,9 m.kr. frá 2014-2016, en rúmlega 44,2 m.kr. frá 2017 og út samningstímann. Greiðslur taka mið af vísitölu neysluverðs.

Auk þess skuldbundu Reykjavíkurborg og KSÍ sig til að leggja fram samtals kr. 66.053.310 vegna aukins rekstrarkostnaðar Laugardalsvallar á árunum 2007-2013, eða kr. 33.026.655 hvor aðili um sig. Framlag Reykjavíkurborgar tekjufærist með þremur jöfnum greiðslum á árunum 2015, 2016 og 2017.

15. Samstarfssamningur við ÍTF

Knattspyrnusamband Íslands og Íslenskur toppfótbolti (samtök félaga í efstu deild) undirrituðu yfirlýsingu um samstarf á árinu 2016. Í yfirlýsingunni sem gildir 2016-2021 með endurskoðunarákvæði að loknu tímabilinu 2018, felst m.a. að KSÍ skuldbindur sig til að félögin í efstu deild (auk félaga sem taka þátt í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ) fái 130 m.kr. fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi af deildarkeppni og bikarkeppni 2016 og hækki um 10 m.kr. hvert ár eftir það út samningstímann.

16. Önnur mál

Á árinu höfðaði KSÍ ehf. á ný mál gegn Landsbankanum hf. en málið snýst um meint ólögmett lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla sem upphaflega var tekið á árinu 2006. Beðið er dóms í málinu.

17. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum þann 3. febrúar 2017.

Sundurliðanir

	Raun 2016	Áætlun 2016	Raun 2015
Styrkir og framlög			
ÍSí	38.753.717	33.000.000	33.746.864
Íslenskar getraunir	5.517.374	6.000.000	5.520.023
UEFA	2.235.029.050	1.506.000.000	356.413.536
FIFA	116.238.075	100.000.000	133.745.945
Ýmsir styrkir	118.125.550	80.000.000	53.750.000
	<u>2.513.663.766</u>	<u>1.725.000.000</u>	<u>583.176.368</u>
Sjónvarpsréttur			
Sjónvarpsréttur	308.885.050	350.000.000	362.170.132
Sjónvarpsréttur innanlands	22.762.720	0	5.650.800
	<u>331.647.770</u>	<u>350.000.000</u>	<u>367.820.932</u>
Kostnaður við landslið			
A-landslið	1.434.300.323	922.350.000	287.848.443
Yngri landslið	126.545.908	140.295.000	133.046.063
Sameiginlegur landsliðskostnaður	37.656.956	47.000.000	27.889.447
	<u>1.598.503.187</u>	<u>1.109.645.000</u>	<u>448.783.953</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Laun	134.466.980	120.500.000	108.321.006
Launatengd gjöld	29.362.203	29.300.000	27.847.879
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	68.791.507	72.500.000	72.253.059
	<u>232.620.690</u>	<u>222.300.000</u>	<u>208.421.944</u>

KOMDU Í FÓTBOLTA!

